

2008100044  
6607; 9310

Landsvirkjun  
Friðrik Sophusson, forstjóri  
Háaleitisbraut 68  
103 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. desember 2008  
/--

### **Efni: Rannsóknaboranir við Kröflu. Ákvörðun um sameiginlegt mat.**

Skipulagsstofnun hefur á grundvelli 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. tekið ákvörðun um að umhverfisáhrif borunar allt að fjögurra rannsóknahola við Kröflu í Skútustaðahreppi skuli ekki meta sameiginlega með umhverfisáhrifum álvers á Bakka við Húsavík, Þeistareykjavirkjunar, stækkunar Kröfluvirkjunar og háspennulína frá Kröflu og Þeistareykjum til Húsavíkur.

Skipulagsstofnun hefur á grundvelli fyrrnefnds lagaákvæðis haft samráð við viðkomandi framkvæmdaraðila og leyfisveitendur fyrirhugaðra rannsóknaborana við Kröflu og fólst það í að leitað var umsagna þeirra.

Samráðsaðilar voru Skútustaðahreppur, Norðurþing, Þingeyjarsveit, Alcoa, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, Landsnet, Landsvirkjun, Orkustofnun, Umhverfisstofnun og Þeistareykir ehf.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Skútustaðahreppi með bréfi dags. 12. desember 2008, Norðurþingi með bréfi dags. 1. desember 2008, Þingeyjarsveit með bréfi dags. 25. nóvember 2008, Alcoa með bréfi dags. 4. desember 2008, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 2. desember 2008, Landsneti með bréfi dags. 5. desember 2008, Landsvirkjun með bréfi dags. 4. desember 2008, Orkustofnun með bréfi dags. 2. desember 2008, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 12. desember 2008 og Þeistareykjum ehf. með bréfi dags. 4. desember 2008.

Í öllum umsögnunum kemur fram það álit að ekki sé ástæða til að meta umhverfisáhrif fyrirhugaðra rannsóknaborana við Kröflu með mati á umhverfisáhrifum álvers á Bakka við Húsavík, Þeistareykjavirkjunar, stækkunar Kröfluvirkjunar og háspennulína frá Kröflu og Þeistareykjum til Húsavíkur.

### **Forsendur ákvörðunar á grundvelli 2. mgr. 5. gr.**

Umhverfisráðherra úrskurðaði 31. júlí 2008 að umhverfisáhrif álvers á Bakka við Húsavík, Þeistareykjavirkjunar, stækkunar Kröfluvirkjunar (Kröfluvirkjun II) og háspennulína frá Kröflu og Þeistareykjum til Húsavíkur skuli meta sameiginlega samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Í úrskurðinum er fjallað um þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi svo að beita megi umræddu ákvæði. Í fyrsta lagi þurfi umræddar framkvæmdir að vera matsskyldar samkvæmt lögunum, í öðru lagi að þær séu á sama svæði eða hvor annarri háðar og í þriðja lagi að Skipulagsstofnun hafi haft samráð við hlutaðeigandi framkvæmdaraðila og leyfisveitendur. Ráðuneytið leit svo á að þessi þrjú skilyrði væru til staðar í málinu og ávinningur væri af samtíma mati umhverfisáhrifa.

Landsvirkjun hefur tilkynnt Skipulagsstofnun að hann hyggist, meðal annars með hliðsjón af viðmiðum í 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, leggja fram tillögu að matsáætlun vegna rannsóknaborana í Kröflu og hefur auglýst drög þeirrar tillögu. Tillagan verður því lögð fram til samræmis við ákvæði 2. mgr. 6. gr. laganna og gengið út frá því að hún fái meðferð sem matsskyld framkvæmd. Skipulagsstofnun telur að öll skilyrði séu til staðar svo beita megi umræddu ákvæði laganna og beri stofnuninni að fjalla um fyrirhugaðar boranir rannsóknahola við Kröflu í samræmi við 5. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

### **Forsaga ákvörðunarinnar.**

Þegar Skipulagsstofnun fékk til afgreiðslu tillögu að matsáætlun vegna Kröfluvirkjunar II dags. 24. júlí 2008, taldi stofnunin að tillagan uppfyllti þær kröfur sem kveðið er á um í lögum og reglugerð um mat á umhverfisáhrifum. Meðal annars að gagnaöflun hefði verið fullnægt, þar sem m.a. kom fram í tillögunni að mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar yrði byggt væri á gögnum sem áður hefðu fengist úr yfirgripsmiklum rannsóknum á svæðinu samhliða reynslu sem fengist hefði af Kröfluvirkjun I.

Eftir úrskurð umhverfisráðherra 31. júlí 2008 kom til umræðu af hálfu framkvæmdaraðila að tilkynna til ákvörðunar um matsskyldu borana rannsóknahola við Kröflu, skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Ljóst er að þær rannsóknaborholur sem framkvæmdaraðili hafði í hyggju að tilkynna til ákvörðunar um matsskyldu yrðu boraðar eins og vinnsluholur svo hægt væri að nota þær síðar sem slíkar. Skipulagsstofnun leit því svo á að þessar borholur hefðu verið hluti af þeirri framkvæmd sem hafði verið kynnt í tillögu að matsáætlun Kröfluvirkjunar II og heyrðu því undir úrskurð ráðherra um sameiginlegt mat. Auk þess hafði ekkert verið í tillögu að matsáætlun sem gaf til kynna að ráðast þyrfti í frekari rannsóknaboranir áður en metin yrðu umhverfisáhrif virkjunarinnar sjálfrar. Því var það niðurstaða Skipulagsstofnunar að ekki væri hægt að taka út einstakar framkvæmdir sem væru hluti af fyrirhugaðri Kröfluvirkjunar II til ákvörðunar um matsskyldu.

Í viðræðum Skipulagsstofnunar við ýmsa sérfræðinga framkvæmdaraðila, eftir að tillaga að matsáætlun var lögð fram, hefur ítrekað komið fram að þeir telja nauðsynlegt að jarðhitageymir svæðisins verði rannsakaður betur. Í erindum Landsvirkjunar dags. 15. október 2008 og 7. nóvember 2008, er tillaga að matsáætlun vegna fyrirhugaðrar Kröfluvirkjunar II dregin til baka og sú ákvörðun meðal annars rökstudd með því að nauðsynlegt sé að endurskoða tillögu að matsáætluninni " *í ljósi niðurstaða úr fyrirbyggjandi*

*rannsóknarholum* ". Að auki tilkynnti Landsvirkjun að hún hygðist leggja fram tillögu að matsáætlun vegna rannsóknaborana við Kröflu til samræmis við málsmeðferð matsskyldra framkvæmda sbr. IV. kafla laga um mat á umhverfisáhrifum. Tilgangur rannsóknaborana væri að kanna eiginleika jarðhitasvæðisins í Kröflu. Rannsóknirnar væru nauðsynlegur liður í öflun upplýsinga um hversu mikinn vinnanlegan jarðhita væri þar að finna.

Skipulagsstofnun féllst á þessa málsmeðferð. Stofnunin taldi ekki óeðlilegt, þar sem framkvæmdaraðili ber sjálfur ábyrgð á mati á umhverfisáhrifum að tillaga að matsáætlun fyrir Kröfluvirkjun II væri dregin til baka, þar sem fram væri komið að ákveðnar forsendur í henni stæðust ekki fyllilega. Í ljósi þess væri fyrirsjáanlegt að áframhaldandi matsvinna á grundvelli hennar samræmdist ekki markmiðum laga um mat á umhverfisáhrifum.

### **Niðurstaða**

Skipulagsstofnun telur hafa komið fram að mikilvægt sé að afla frekari upplýsinga um jarðhitaauðlindina á Kröflusvæðinu, til að byggja á áætlanir um stærð og hugsanlega áfangaskiptingu frekari virkjunar þar. Umfang virkjunar er einn þeirra þátta sem æskilegt er að sé sem skýrastur þegar mat á umhverfisáhrifum hennar fer fram. Því er skynsamlegt að ráðast í umræddar rannsóknaboranir áður en lengra er haldið við að meta umhverfisáhrif þeirrar framkvæmdar í Kröflu sem er tilgreind í úrskurði umhverfisráðherra 31. júlí 2008.

Í umsögnum Landsvirkjunar og Orkustofnunar er m.a. lögð áhersla á nauðsyn frekari rannsóknaborana til að afla nánari upplýsinga um orkuforða og vinnslueiginleika jarðhitasvæðisins er komi til með að gefa mikilvægar upplýsingar sem nýtast við mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðra virkjunaframkvæmda. Orkustofnun bendir m.a. á að nauðsynlegt sé að bora fleiri rannsóknaholur á svæðinu til þess að unnt verði að meta betur afkastagetu og stærð jarðhitakerfisins og borun rannsóknarholanna muni m.a. draga úr óvissu hvað varðar mat á afkastagetu svæðisins. Skipulagsstofnun tekur undir þessi rök, enda hefur stofnunin ítrekað lagt áherslu á mikilvægi þess að áður en ráðist er í mat á umhverfisáhrifum jarðvarmavirkjana liggja fyrir sem bestar upplýsingar um jarðhitaauðlindina m.a. með því að bora rannsóknaholur. Í ljósi þess rökstuðnings sem nú hefur verið lagður fram um mikilvægi frekari rannsóknaborana á Kröflusvæðinu telur Skipulagsstofnun að niðurstöður þeirra séu nauðsynlegar til að undirbyggja mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Kröfluvirkjunar II og þurfi niðurstöðurnar að koma fram í frummatsskýrslu fyrir virkjunina.

Í úrskurði umhverfisráðherra frá 31. júlí 2008 er tíundaður ávinningur samtímamats á umhverfisáhrifum sem Skipulagsstofnun getur fallist á. Aftur á móti eru frekari rannsóknaboranir sem nú er komið fram að séu nauðsynlegar og mat á umhverfisáhrifum þeirra, undanfari mats á umhverfisáhrifum virkjunarinnar sjálfrar og getur það mat þar af leiðandi ekki orðið hluti af samtíma mati. Skipulagsstofnun telur að þrátt fyrir að mat á umhverfisáhrifum frekari rannsóknaborana við Kröflu fari fram áður en ráðist verður í að meta saman heildaráhrif þeirra framkvæmda sem úrskurður ráðherra náði til, rýri það á engan hátt ávinning slíks mats, enda breytir ákvörðun Skipulagsstofnunar nú engu varðandi úrskurði umhverfisráðherra frá því 31. júlí 2008.

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að mat á umhverfisáhrifum borunar rannsóknahola við Kröflu skuli ekki meta sameiginlega með mati umhverfisáhrifa virkjana á Þeistareykjum og Kröflu, línulagna frá virkjununum að Húsavík og álversframkvæmda á Bakka, sbr. 2. mgr. 5.gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 20. janúar 2009.

Rut Kristinsdóttir

Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson

Afrit sent: Norðurþing, Skútustaðahreppur, Þingeyjarsveit, Alcoa, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, Landsnet, Orkustofnun, Umhverfisstofnun og Þeistareykir ehf.